



**Ávarp  
forseta Íslands  
Höllu Tómasdóttur  
í afmælishófi  
íslenskra Ólympíufara**

**Reykjavík, 20. nóvember 2024**

Ólympíufarar og aðrir góðir gestir.

Það er erfitt að ímynda sér meiri upphefð en að fá að vera fulltrúi sinnar þjóðar á Ólympíuleikum. Það hafið þið reynt og það er sömuleiðis heiður fyrir mig að vera hér í dag til að fagna ykkur. Ég fékk aðeins nasabefinn af ykkar upplifun þegar ég fór sem nýkjörinn forseti með okkar fólki á Paralympics í ágúst síðastliðnum. Ég mun seint gleyma opunarhátíðinni og því þjóðarstolti (og gæsaþúð!) sem ég fann fyrir þegar okkar keppendur mættu þrúðbúnir inn á leikvanginn með íslenskan fána í hönd og stórt bros á hverju andliti.

Íslendingar hafa alls fjórum sinnum staðið á verðlaunapalli á Ólympíuleikum. Er það ekki örugglega ólympíumet miðað við fólksfjölda? Að öllu gamni slepptu, þá megum við sem þjóð vera stolt af ykkur sem hafið borið hróður okkar víða með þátttöku ykkar á Ólympíuleikum. Ég man eins og það hafi gerst í gær þegar Bjarni Friðriksson fékk bronsið fyrir fjörutíu árum og líka þegar Vala Flosadóttir varð fyrst íslenskra kvenna til að vinna til verðlauna á Ólympíuleikum árið 2000 í Sydney. Þess má til gamans geta að á þeim Ólympíuleikum hitti nýkrýndur konungur Danmerkur eiginkonu sína, Mary, svo það er óhætt að fullyrða að Ólympíuleikar breyti lífi fólks – og ekki bara lífi keppenda heldur einnig hinna sem fá að upplifa þá sem áhorfendur, hvort sem þau eru á staðnum eða horfa heima.

Ég man líka sérstaklega vel eftir þátttöku íslenska handboltalandsliðsins á Ólympíuleikum í gegnum tíðina enda stóð stórvinur minn Guðmundur Hrafnkelsson í þrígang í markinu og fyllti vel út í rammann. Ógleymanlegir eru leikarnir í Peking árið 2008 þegar

handboltaliðið náði sér í silfrið og fleyg orð forsetafrúarinnar að Ísland væri „stórasta land í heimi“ litu dagsins ljós.

Við hjónin erum einlægt áhugafólk um íþróttir og heilbrigt líferni og vonum að okkur muni hlotnast sá heiður að fylgja Íslendingum á Ólympíuleika í forsetatíð minni. Þá mun reyna á hvort „forsetagæinn“ velji sér skó við hæfi og hvort hann segi jafn eftirminnileg orð á hliðarlínunni! Eitt er víst, að ef og þegar af því verður, þá munum við mæta til leiks af lífi og sál og hvetja okkar fólk til dáða.

Það er eitt sem stundum vill gleymast þegar kemur að afreksíþróttum. Það er sú staðreynd að enginn kemst einn síns liðs á verðlaunapall. Þjálfarar og aðstoðarfólk, aðstandendur, klappliðið – allt skiptir þetta sköpum fyrir góðan árangur. Ég vil því þakka ykkur sérstaklega, sem og öllum hjá ÍSÍ fyrir að gera okkar smáu en knáu þjóð kleift að sýna hvað í okkur býr í Ólympíusamfélagi þjóða. Þið eigið ríkulegan þátt í því að Ísland er þekkt fyrir hreysti og styrk og einstaklega skemmtilegan keppnisanda á sviðum íþróttá. Og við ykkur afreksíþróttafólk vil ég segja að þið eruð ómetanlegar fyrirmyndir fyrir ungt fólk – hafið sýnt þeim að margt er mögulegt þegar stefnan er skýr og við tileinkum okkur seiglu og úthald. Þeim skilaboðum má gjarnan halda á lofti því við getum ekki orðið það sem við getum ekki séð.

Ég óska ykkur öllum til hamingju með að vera í hópi útvalinna sem hefur hlotnast sá heiður að vera fulltrúi okkar þjóðar á Ólympíuleikum – það er afrek óháð medalíum. Ég trúir því að við eigum mikið inni og að okkar bestu tímar á sviði íþróttá, sem á öðrum sviðum, séu fram undan.

Áfram Ísland!